



# Ársskýrsla félags- og vinnumarkaðsráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands  
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið





Ársskýrsla félags- og vinnumarkaðsráðherra

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24 – 108 Reykjavík  
Sími: 545 8100 | frn@frn.is

Júní 2022 | ISBN: 978-9935-513-15-1

Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Umsjón: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið



# Efnisyfirlit

<b>Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>Starfsemi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis</b>	<b>6</b>
Yfirlit félagslegra aðgerða vegna COVID-19	8
Eldra fólk	10
Almannatryggingar	11
Málefni fatlaðs fólks	12
Velferðarvaktin	16
Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	18
Málefni innflytjenda og flóttafólks	19
Vinnumarkaður	22
Styrkir af safnliðum fjárlaga	28
<b>Útgjöld málefnasviða og málaflokka</b>	<b>29</b>
Rekstargjöld og fjárfestingar	30
<b>Árangur og ávinningur af ráðstöfnunum fjármuna</b>	<b>38</b>
Yfirlit yfir stöðu aðgerða málefnasviða í árslok 2021	39



## Ávarp ráðherra

Árið 2021 fer í sögubækurnar vegna kórónuveirufaraldursins, líkt og árið á undan. Þegar ég lít yfir árið í fyrra, og þau verkefni sem bæði ríkisstjórnin og ég höfum komið í verk, horfi ég stoltur til baka. Töluverðar breytingar urðu á högum mínum þegar ný ríkisstjórn var kynnt en þar tók ég við sem félags- og vinnumarkaðsráðherra eftir að hafa gegnt stöðu umhverfis- og auðlindaráðherra síðustu fjögur árin. Hjá nýju ráðuneyti eru margir stórir og mikilvægir málaflokkar sem snerta okkur flest á einn eða annan hátt, má þar nefna félags- og fjölskyldumál, lífeyristryggingar almannatrygginga, vinnumarkaðsmál, framhaldsfræðslu og málefni fatlaðs fólks og innflytjenda. Ég hlakka mikið til að takast á við ný og krefjandi verkefni á næstu árum.

### Réttlátara örorkulífeyriskerfi

Í upphafi kjörtímabilsins gaf ég það út að ég myndi setja kjör örorkulífeyrisþega á oddinn. Mikilvægur hluti í þeirri stefnu er að einfalda og bæta greiðslukerfin, draga úr letjandi tekjuskerðingum og opna vinnumarkaðinn fyrir okkur öllum óháð því hve mikla starfsgetu við höfum. Leiðarljósið er alltaf að bæta lífskjör og lífsgæði fólks. Sérstaklega verður horft til þess að bæta afkomu og möguleika til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum.

### Menntun er öflugt jöfnunartæki

Við viljum samfélag án aðgreiningar og því þurfum við að gera fólki kleift að sækja það nám sem það helst kys og telur sig hafa gagn af. Með tilfærslu framhaldsfræðslu til félags- og

vinnumarkaðsráðuneytisins skapast ný tækifæri til að tengja framhaldsfræðsluna betur við þarfir síbreytilegs vinnumarkaðar, sem meðal annars stendur frammi fyrir stórum áskorunum tengdum loftslagsbreytingum og fjórðu iðnbyltingunni. Framhaldsfræðslan þarf líka að ná betur til fatlaðs fólks, innflytjenda, örorkulífeyrisþega og atvinnuleitenda. Þess vegna þurfum við að huga að fjölbreyttum og sveigjanlegum áherslum innan framhaldsfræðslunnar og finna í sameiningu leiðir til að bregðast við með réttum hætti. Endurskoðun laga um framhaldsfræðslu er því tímabær og hefur verið sett á dagskrá.

### Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks eru nú á krossgötum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru nú tekin af öll tvímæli um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fyrst var staðfestur 2007 og síðan fullgiltur 2016. Það er ljóst að lögfesting samningsins mun gera miklar kröfur til okkar og verða leiðarljósið við stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks sem nú stendur fyrir dyrum. Við þá stefnumótun þarf að horfa til þess hve fjölbreyttur hópur fatlað fólks er; hvernig megi tryggja því tækifæri til menntunar, störf við hæfi og fulla þátttöku í samfélaginu.

### Þjónusta við fólk á flóttu

Ráðuneyti mitt tók við þjónustu við umsækjendur um alþjóðlegra vernd frá Útlendingastofnun þegar ný ríkisstjórn tók við. Fjölmörg tækifæri felast í þeim breytingum enda félagslegur hluti útlendinga-

og innflytjendamála á hendi ráðuneytisins. Við höfum þegar ákveðið að taka á móti viðkvæmum hópum, þar með talið einstæðum konum frá Afganistan og fötluðum börnum frá Úkraínu, auk fólks sem hingað kemur á eigin vegum. Fram undan er síðan stóra verkefnið, að móta skýra og heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, en í mínum huga er mikill auður fólgin í því að taka á móti fólki frá öðrum löndum. Það þurfum við að gera vel og vanda til verka og er þetta eitt af stóru verkefnum ársins 2022.

### Heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

Mikilvægt er að tryggja eldra fólk þjónustu við hæfi, á forsendum þess sjálfs, og gildir þá einu hvort um er að ræða stuðningsþjónustu eða heilbrigðisþjónustu, á réttu þjónustustigi og innan viðunandi tímamarka. Ráðist verður í heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið, sem hefjast mun um mitt ár 2022. Með samþættingu þjónustu við eldra fólk má auka lífsgæði þessa hóps. Mikilvægt er að tryggja að þjónustukerfi hér á landi muni ráða við væntanlega fjölgun eldra fólks á næstu árum og þar leikur þessi samþætting lykilhlutverk.



---

# Starfsemi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis

---

# Starfsemi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis

Þann 29. nóvember 2021 tók [Guðmundur Ingi Guðbrandsson](#) við embætti félags- og vinnumarkaðsráðherra þegar hann tók formlega við lyklum að ráðuneytinu úr höndum Ásmundar Einars Daðasonar, fráfarandi félags- og barnamálaráðherra.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra ber ábyrgð á félags- og fjölskyldumálum, almannatryggingum að hluta, vinnumálum og framhaldsfræðslu auk þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Undir framangreind málefni falla meðal annars málefnasvið um örorku og fatlað fólk, málefni aldraðra, fjölskyldumála og vinnumarkaðar og atvinnuleysis. Við breytta skipan ráðuneyta skv. forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 125/2021, urðu nokkrar breytingar á starfsemi félagsmálaráðuneytisins auk þess sem nafn ráðuneytisins breyttist úr félagsmálaráðuneyti í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Breytt skipan ráðuneyta hafði það í för með sér að málefni barna fluttust til mennta- og barnamálaráðuneytis og húsnæðismálin fluttust til innviðaráðuneytisins auk þess sem til ráðuneytisins fluttust málefni framhaldsfræðslu frá mennta- og barnamálaráðuneyti og frá dómsmálaráðuneytinu fluttist þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Heimsfaraldurinn hélt áfram að setja svip sinn á störf ráðuneytisins árið 2021 líkt og verið hafði árið 2020. Teymi um uppbyggingu félags-

og atvinnamála starfaði áfram, en það var stofnað í kjölfarið á að viðbragðsteymi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins vegna Covid-19 var lagt niður. Uppbyggingarteymið gegndi sambærilegu hlutverki og viðbragðsteymið en málefnasviðin urðu fleiri. Áfram var byggt á upplýsingaöflun í gegnum stöðuskýrslur sem urðu níu á árinu. Markmiðið var að tryggja markviss viðbrögð til þess að lágmarka neikvæðar afleiðingar COVID-19 á íslenskt samfélag samhliða því að tryggja áframhaldandi nauðsynlegan og samræmdan stuðning á landsvísu við þjónustuaðila er varða þjónustu við viðkvæma hópa. Bakvarðasveit velferðarþjónustu, viðbragðs- sjóðurinn og netfang teymisins voru áfram með óbreyttu sniði.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið réðist í fjölmargar tímabundnar ráðstafanir til þess að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins. Má þar nefna styrk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að styðja við og efla orlofsþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, sem viðbrögð við félagslegum áhrifum Covid-19. Einnig var sérstakur íþrótta- og tómstundarstyrkur fyrir börn af tekjulægri heimilum, sem komið var á árið 2020, framlengdur út árið 2021. Þá var ráðist í sérstakt atvinnuáttak undir yfyrskriftinni „Hefjum störf“ þar sem markmiðið var að búa til allt að 7.000 tímabundin störf í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Heppnaðist átakið mjög vel.

## Yfirlit félagslegra aðgerða vegna COVID-19



### Félagslegar aðgerðir fyrir aldraða

Fjárhæð

• LEB - Heilsuefling aldraða	15.000.000
• ÍSÍ - Heilsuefling aldraða	15.000.000
• RKÍ - Símafinaverkefni	4.000.000
• LEB - Símafinaverkefni	1.000.000
• Félagsstarf aldraða - styrkir til sveitarfélaga	80.000.000



### Félagslegar aðgerðir fyrir fullorðið fatlað fólk

Fjárhæð

• Efling félagsstarfs fyrir fullorðið fatlað fólk - styrkir til sveitarfélaga	60.000.000
• Nýsköpun og umbætur í félagsstarfi fullorðins fatlaðs fólks - styrkir til sveitarfélaga	40.000.000



### Félagslegar aðgerðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Auknar forvarnir og stuðningur

Fjárhæð

• Ríkislögreglustjóri - börn í viðkvæmri stöðu	15.000.000
--	------------



### Félagslegar aðgerðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu. Tómstundir og samvera

Fjárhæð

• Styrkir til sveitarfélaga til félagslegra aðgerða fyrir 12-16 ára börn	88.510.460
• Hjálparstarf kirkjunnar - tómstundastarf sumarið 2021	4.000.000
• Hjálpræðisherinn - tómstundastarf sumarið 2021	4.000.000
• Foreldrahús - Vímulaus æska	17.000.000
• Hjálpræðisherinn - sumarnámskeið fyrir efnaminni börn	6.000.000





### Félagslegar aðgerðir fyrir fötluð börn sumarið 2021

Fjárhæð

• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Orlof í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.	34.000.000
• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Sumardvöl í Háholti.	45.500.000
• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Ævintýranámskeið Hafnarfirði.	8.000.000
• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Fjölskylduorlof í Vík í Mýrdal og Húsavík.	36.500.000
• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Sumardvöl 2021. Dvöl í Reykjadal.	18.000.000
• Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Félaga- og jafningjasetur.	30.000.000
• KFUM og KFUK - Sumarbúðir	5.000.000



### Stuðningur við félagasamtök sem styðja viðkvæma hópa

Fjárhæð

• Rauði krossinn - Vinaverkefni	4.000.000
• Mannvirðing vegna þjónustu við geðfatlaða einstaklinga	5.000.000
• Taktu skrefið	2.000.000
• Bati góðgerðarfélag	20.000.000
• Reykjavíkurborg vegna TINNU-verkefnis	25.000.000



### Stuðningur við heimilislaustr fólk

Fjárhæð

• Reykjavíkurborg - Stuðningur við heimilislaustr fólk	42.500.000
--	------------



## Eldra fólk

Starfshópur um lífskjör og aðbúnað aldraðra lauk störfum á árinu og skilaði skýrslu sinni til ráðherra í september 2021. Í skýrslunni er tíunduð þörf fyrir breytt viðhorf í þjónustu við eldra fólk með áherslu á aldursvænt, heilsueflandi og styðjandi samfélag. Stjórnvöld þurfi að marka skýra framtíðarsýn og heildarstefnu þar sem meðal annars er lögð áhersla á að eitt þjónustustig taki hnökralaust við af öðru. Ábyrgð á þjónustubáttum milli aðila sé skýr, „gráum svæðum“ útrýmt og veitt markviss þjónusta sem byggist á faglegu mati á einstaklingsbundinni þörf. Leggja þurfi aukna áherslu á heildstæða og samþætta þjónustu í heimahúsi sem og þátttöku og virkni aldraðra, auk eflingar lýðheilsu og forvarna. Leggja þurfi áherslu á heilsueflingu eldra fólks, virkniþjálfun, félagslegan stuðning og skimun til að vinna gegn einmanaleika, félagslegri einangrun, kvíða og þunglyndi. Þörf er á heildstæðri og samþættri endurhæfingu og viðhaldsendurhæfingu og auknum sveigjanleika í þjónustu, svo sem varðandi dagþjálfun. Þá felast mikil tækifæri í betri nýtingu á fjölbreyttri velferðartækni sem og samhæfingu innan og á milli þjónustukerfa til að bæta þjónustu við notendur velferðarþjónustunnar. Ávinningurinn liggur í hagkvæmni, endurskoðun á lausnum og framkvæmd, minni sóun á tíma og mannafla og umfram annað aukin lífsgæði og sjálfstæði notendanna.

Í starfshópnum var rætt hvaða leiðir eru færar til að bæta lífskjör eldra fólks, einkum með hliðsjón af almannatryggingum og húsnæðismálum. Hópurinn lagði áherslu á að horft verði á breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingum í samhengi við áformaða heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu sem meðal annars tekur til lífeyrisréttinda, umfangs og meðferðar

séreignarsparnaðar og samspils almannatrygginga við réttindi í lífeyrissjóðum. Þá lagði hópurinn jafnframt áherslu á að í fyrirhugaðri stefnumörkun í lífeyrismálum verði kappkostað að tryggja sátt um hlutverk og samspil ólíkra hluta lífeyriskerfisins og að bæta lífskjör þeirra lífeyrisþega sem höllustum fæti standa.

Í skýrslunni eru tillögur um meiri möguleika eldri borgara til að hækka ráðstöfunartekjur sínar með aukinni atvinnuþátttöku og frestun töku lífeyris. Tillögur sem snúa meðal annars að breytingum á lífeyriskerfinu í því skyni að bæta kjör aldraðra og auka húsnæðisstuðning við aldrað fólk sem býr í leiguhúsnæði. Mikilvægt er að bregðast við yfirvofandi fjölgun í elstu aldurshópnum og breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar. Meðal annars þarf að tryggja næga mönnun innan öldrunargeirans og að þjónustan sé veitt í nærumhverfi og gerð sveigjanlegri og persónumiðaðri en hún er í dag. Rýna þarf löggjöf og framkvæmd hennar varðandi aldraða, ekki síst þegar heilsan fer að gefa sig, svo sem vegna heilabilunarsjúkdóma, með það að markmiði að tryggja vernd gegn misnotkun og ofbeldi. Tryggja þarf fullnægjandi viðbrögð og ferli sem fer af stað þegar tilkynningar um slíkt berast.

Sett var af stað átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna árið 2021, í samvinnu við sveitarfélög. Sveitarfélögin gátu, vegna COVID-19, sótt um styrk til að auka starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna umfram hefðbundið sumarstarf. Samþætilegir styrkir voru veittir árið 2020 og mæltust þeir vel fyrir og styrktu það félagsstarf sem fyrir var í mörgum sveitarfélögum.

## Almannatryggingar

Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði mikil áhrif á starfsemi almannatrygginga árið 2021 og tók málaflokkurinn að nokkru leyti mið af viðbrögðum stjórnvalda vegna COVID-19.

Sett var bráðabirgðaákvæði í reglugerð um endurhæfingarlífeyri sem fól í sér heimild til að greiða endurhæfingarlífeyri þrátt fyrir að ekki væri uppfyllt skilyrðið um þriggja ára búsetu hér á landi.

Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar, sem áttu rétt á bótum árið 2021, fengu sérstaka eingreiðslu í desember sem nam 53.100 kr. til þeirra sem áttu rétt á bótum allt árið en aðrir fengu greitt í hlutfalli við greiðsluréttindi á árinu. Eingreiðslan taldist ekki til tekna lífeyrisþega og hafði því ekki áhrif á útreikning annarra greiðslna þeirra. Þá var greidd desemberuppbót til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna og til maka- og umönnunarbótaþega auk hefðbundinna orlofs- og desemberuppbóta til elli- og örorkulífeyrisþega.

Ný reglugerð um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða tók gildi á árinu en í henni fólust ýmsar breytingar til hagsbóta fyrir hreyfihamlaða hvað varðar kaup á bifreiðum.

Breytingar voru gerðar á reglum varðandi ákvörðun heimilisuppbótar þannig að nú teljast lífeyrisþegar ekki lengur hafa fjárhagslegt hagræði af því að búa með heimilismönnum 18–25 ára sem eru í fullu námi en áður gilti þetta eingöngu um búsetu með ungmennum á aldrinum 18–20 ára.

Samningaviðræður um fjölhliða samning EES-EFTA-ríkjanna og Bretlands.

Í ársbyrjun 2021 tók gildi samningur milli EES-EFTA-ríkjanna og Bretlands sem leysir úr málum með svipuðum hætti og gert er í útgöngusamningi Bretlands og ESB. Þar er meðal annars kveðið á um vernd áunninna réttinda í almannatryggingum, svo sem lífeyrisréttinda. Vorið 2021 hófust svo viðræður EES-EFTA-ríkjanna þriggja og Bretlands um gerð samnings til framtíðar um samræmingu á sviði almannatrygginga. Sökum heimsfaraldursins fóru viðræður fram með rafrænum hætti. Viðræðurnar byggjast á fyrirliggjandi samningi Bretlands og ESB-ríkjanna á þessu sviði. Af Íslands hálfu taka þátt í viðræðunum fulltrúar utanríkisráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Um flókið mál er að ræða sem nær yfir málefnasvið nokkurra ráðuneyta í ríkjunum fjórum. Um liðin áramót voru viðræður í gangi og gert er ráð fyrir að samningsaðilar gætu náð saman um mitt ár 2022.







## Málefni fatlaðs fólks

### Endurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk

Hinn 21. janúar 2021 skipaði þáverandi félags- og barnamálaráðherra starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Hlutverk starfshópsins var að endurskoða lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk í heild sinni og þær reglugerðir sem lögnum fylgja svo auðveldara yrði að greina þau álitæfni sem upp hafa komið við framkvæmd laganna og koma með tillögur til ráðherra. Einnig skyldi meta eftir þörfum önnur lög, reglugerðir og framkvæmdir sem snúa að fötluðu fólki. Vinna starfshópsins skyldi taka mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. þingsályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem samþykkt var á Alþingi 3. júní 2019. Í árslok var vinna starfshópsins á lokametrunum og var skýrslu hópsins skilað í maí 2022.

Ríkisendurskoðun gerði á árinu úttekt á framkvæmd og innleiðingu fyrrgreindra laga að beiðni félags- og barnamálaráðherra.

- [Sjá úttekt hér.](#)

### Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Starfshópur fulltrúa fimm ráðuneyta undir forystu félagsmálaráðuneytisins stóð fyrir breiðu samráði við hagsmunaaðila um samninginn og kynnti hann á sérstökum samráðsvettvangi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks í júní 2020. Skýrsla starfshópsins um samninginn verður lögð fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til yfirferðar og er gert ráð fyrir að skýrsla Íslands verði tekin fyrir í lok árs 2023. Eftir yfirferð starfshópsins er ljóst að enn standa eftir áskoranir sem koma þarf til móts við. Starfshópurinn hefur haldið áfram að vinna að samantekt á stefnum, áætlunum, lögum, reglugerðum, leiðbeiningum og öðrum þeim upplýsingum sem eru til staðar um framkvæmd einstakra greina samningsins. Slík kortlagning er forsenda heildstæðrar landsáætlunar þar sem brugðist yrði við þeim áskorunum sem greinar samningsins fela í sér. Fyrir liggur samþykkt endurskoðuð þýðing á samningnum sem sátt hefur náðst um. Jafnframt var á árinu unnið að þýðingu á leiðbeiningum við túlkun á greinum samningsins sem nýtist við gerð landsáætlunar og frekari yfirferð og viðbrögð við athugasemdum eftirlitsnefndar með samningnum.

### Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í þeirri vinnu sem vísað er til hér að framan um endurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk hefur sérstaklega verið fjallað um NPA. Tillögur um næstu skref munu koma fram í fyrrgreindri endurskoðunarskýrslu.

## Landshlutateymi/velferðarstofur

Á árinu var unnið að þróun landshlutateyma/velferðarstofa þar sem markmiðið er sem fyrr að samþætta og samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga á sviði félagsmála, heilbrigðismála og menntamála. Á Suðurnesjum er eitt slíkt verkefni komið vel af stað og annað er komið styttra á Norðurlandi eystra. Drög að stofnun fleiri velferðarstofa voru rædd á árinu.

## Öryggisþjónusta ríkisins

Í lok árs 2019 stofnaði félagsmálaráðuneytið til óformlegs samráðs við heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga um þjónustu við tiltekna einstaklinga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Markmiðið er að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem eru eldri en 18 ára og þurfa á öryggisgæslu eða öryggisvistun að halda verði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið. Fyrir liggja drög að stefnumótun sem kynnt verða um mitt ár 2022. Jafnframt hefur verið unnið að frumvarpsgerð um öryggisþjónustu á Íslandi. Það frumvarp verður lagt fram á Alþingi haustið 2022. Á sama tíma hefur verið unnið að frumhönnun á nýjum heimiliskjarna fyrir hópinn sem gert er ráð fyrir að verði staðsettur í Reykjanesbæ.

## Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021

Árið 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021. Þar voru tilgreindar 40 aðgerðir á sjö málsviðum sem sneru að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu. Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar var að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig yrði stuðlað að því að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi og njóti mannréttinda til jafns við aðra. Ráðherraskipaður starfshópur, leiddur af félagsmálaráðuneytinu, fór með eftirfylgni með framkvæmd þingsályktunarinnar en hann var skipaður fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu, Landssamtökunum Þroskahjálp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Öryrkjabandalagi Íslands.

Nú þegar tímabili framkvæmdaáætlunarinnar er lokið eru langflestar þeirra aðgerða sem lagðar voru þar fram komnar til framkvæmda eða þeim lokið. Þær aðgerðir sem eftir standa eru í undirbúningi eða í nánari skoðun með tilliti til vinnu við önnur tengd verkefni.

Í heildina voru veittar 295,4 milljónir kr. í framlög til aðgerða á tímabilinu. Þar af var 119 milljónum kr. varið til verkefna sem ekki voru tilgreind sérstaklega í þingsályktun en var ætlað að styðja við þær aðgerðir. Ýmist bærust umsóknir um styrki til slíkra verkefna en einnig var veitt framlag til fjölbreyttra verkefna, auk rannsókna, samkvæmt tillögum starfshóps um eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar. Meðal verkefna sem komið hafa til framkvæmda á tímabilinu eru:

---

- **Heilsa og heilsuefning fatlaðs fólks**

---

- » Stuðningur við verkefni á vegum Íþróttafélaga, styrkur til tækjakaupa o.fl.
  - » Stofnun teymis sem sinnir ráðgjöf, stuðningi og geðheilbrigðisþjónustu við fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir auk geðræns vanda.
  - » Undirbúningur sérhæfðs meðferðarúrræðis fyrir fatlað fólk með fíknivanda.
  - » Rannsókn: Fötlun og heilsa 2021.
- 

- **Aðgengismál**

---

- » Skýrsla um algilda hönnun.
  - » Aðgengismál og aðgengisfulltrúar innan sveitarfélaga.
  - » Miðstöð um auðlesid mál.
  - » Úttekt á almenningssamgöngum.
- 

- **Atvinnumál**

---

- » Rannsókn: Kortlagning á atvinnumálum fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.
  - » Efling starfsráðgjafar og vinnumiðlunar með það að markmiði að greiða leið fatlaðs fólks á vinnumarkaðinn.
  - » Kynningarátak um atvinnutækifæri fatlaðs fólks með skerta starfsgetu.
- 

- **Fræðsla um málefni fatlaðs fólks**

---

- » Stuðningur við sjónvarpsþáttanna Með okkar augum.
- 

- 
- » Fræðsluefni um málefni fatlaðs fólks fyrir starfsfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu.
  - » Kynningar á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- 

- » Aukin þekking lögreglu, ákærvalds og dómstóla á málefnum fatlaðs fólks.
- 

- » Fræðsla fyrir fangaverði um þroskahömlun og einhverfu.
- 

- **Sjálfstætt líf**

---

- » Gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana fyrir fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.
  - » Efling starfsemi notendaráða.
- 

- **Menntun**

---

- » Verkefnið samhæfingaraðili máls sem felst m.a. í því að náms- og atvinnuframboð sé kynnt skipulega fyrir nemendum sem eru að ljúka námi á starfsbrautum.
  - » Unnið er að aukinni fjölbreytni í diplómanámi á háskólastigi fyrir fatlað fólk.
- 

- **Ýmis önnur verkefni**

---

- » Stöðumat 2018 og 2022 (Mat á þjónustu við fatlað fólk og aðstæðum).
  - » Skýrsla: Raddir fatlaðra barna – samantekt úr umræðum.
  - » Forvarnarverkefni á sviði ofbeldis.
-



## Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar við fatlað fólk

Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar við fatlað fólk starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011. Starfsemi sérfræðiteymisins fluttist frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar til skrifstofu barna- og fjölskyldumála, nú skrifstofa félags- og lífeyrismála í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 1. janúar 2022. Í sérfræðiteyminu sátu sex manns. Tveir þeirra, formaður og meðstjórnandi, störfuðu jafnframt í 1,3 stöðugildum við úrvinnslu og afgreiðslu erinda. Hlutverk sérfræðiteymis er meðal annars:

1. Að veita þjónustuaðilum ráðgjöf og fræðslu, um hvað telst nauðung og um aðferðir til að koma í veg fyrir eða draga úr beitingu hennar.
2. Að veita umsögn um beiðnir um undanþágur frá banni við beitingu nauðungar og um undanþágur frá banni við fjarvöktun.
3. Að taka á móti tilkynningum og halda utan um skrá um beitingu nauðungar og fjarvöktunar.


Samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk er nauðung athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum. Fjarvöktun

á heimilum fatlaðs fólk skilgreinist sem nauðung. Öll beiting nauðungar í samskiptum við fatlað fólk er bönnuð. Ef þær aðstæður skapast að ábyrgðaraðili þjónustu við fatlaðan einstakling telur að beita þurfi nauðung skal hann leita til sérfræðiteymisins og fá ráðgjöf. Ef sýnt þykir að beita verði nauðung er í sérstökum og einstaklingsbundnum tilvikum heimilt að beita nauðung eftir að nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar hefur veitt leyfi til þess. Sýna verður fram á að tilgangur nauðungarinnar sé:

1. Að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur valdi sjálfum sér eða öðrum líkamstjóni eða stórfelldu eignartjóni.
2. Að uppfylla grunnþarfir viðkomandi einstaklings, svo sem varðandi næringu, heilbrigði og hreinlæti eða til þess að draga úr hömluleysi sem af fötlun kann að leiða.

Sé nauðsynlegt að grípa inn í atburðarás í neyðartilvikum, til að koma í veg fyrir yfirvofandi líkamstjón, stórfellt eignatjón eða röskun á almannahagsmunum, er heimilt að beita nauðung án undangenginnar ákvörðunar undanþágunefndar. Slík atvik ber að tilkynna til sérfræðiteymisins innan viku frá því að nauðung var beitt.

Sérfræðiteyminu bárust 63 beiðnir um ráðgjöf og 93 tilkynningar um nauðung á árinu.





## Velferðarvaktin

Heimsfaraldurinn setti áfram svip sinn á störf Velferðarvaktarinnar líkt og árið 2020, bæði hvað varðar verkefni og vinnutilhögun. Velferðarvaktin taldi mikilvægt að ekki yrði dregið úr fundahöldum þrátt fyrir samkomutakmarkanir og voru því allir fundir ársins haldnir á fjarfundarformi.

### Ráðgefandi aðili á tímum COVID-19

Í upphafi faraldursins ákváðu stjórnvöld að Velferðarvaktin yrði ráðgefandi aðili fyrir tvö teymi sem sett voru á laggirnar, fyrst í mars 2020 fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu og síðar í júní 2020 fyrir uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Síðara teymið, uppbyggingarteymið, starfaði á árinu 2021 og fékk Velferðarvaktin sendar um hæl allar stöðuskýrslur sem teymið gaf út á árinu, þá síðustu 10. desember. Þessi tilhögun fól í sér að Velferðarvaktin hafði mjög góðan aðgang að teyminu, fundaði með fulltrúum þess reglulega og kom ábendingum á framfæri. Með þessum hætti var byggð góð brú milli teymisins og þeirra aðila sem eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni. Þannig gat Velferðarvaktin átt beint samtal við stjórnvöld og skiluðu ábendingar og tillögur hennar sér í ýmsum þeim aðgerðum sem stjórnvöld gripu til. Á síðasta fundi ráðherra með Velferðarvakt fyrir alþingiskosningarnar, sem haldnar voru 25. september, fór ráðherra yfir stöðu mála með tilliti til fjórðu bylgju Covid-19. Þakkaði hann fulltrúum vaktarinnar fyrir þá góðu vinnu sem innt var af hendi á þessum óvenjulegu tímum, vinnu sem hefði skilað sér beint inn í mótvægisáðgerðir stjórnvalda.

### Rannsóknir á vegum Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin hefur staðið að nokkrum rannsóknnum sem kynntar voru á árinu eða eru enn í vinnslu. Í upphafi árs var kynnt úttekt sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Velferðarvaktina og félagsmálaráðuneytið um fyrirkomulag úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka á Íslandi. Úttektin fólst í því að aflað var gagna með spurningakönnun og viðtölum við hjálparsamtök, notendur og félagsráðgjafa og var meðal annars kannað hvers konar aðstoð hjálparsamtökin veita, kortlagt hvaða hópar leita til þeirra eftir aðstoð ásamt því að kanna viðhorf til aðstoðarinnar og hvað megi bæta. Könnunin leiddi í ljós að stærsti hópurinn sem leitar aðstoðar er fólk sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, atvinnuleysisbótum eða örorkubótum. Einnig leita ellilífeyrisþegar og láglaunafólk til samtakanna en í minna mæli. Fólk sem nýtir sér aðstöðina er almennt ánægt með þjónustuna en ýmislegt má bæta. Í ljós kom að stór hluti fólks sem hafði sótt aðstoð hjá tveimur hjálparsamtökum hafði lent í því að bíða í biðröð utandyra. Þá hugnaðist nærri tveimur af hverjum þremur frekar að fá inneignarkort í matvöruverslanir heldur en að fá úthlutað mat.

Í maí skilaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun fyrir sömu aðila um hvernig fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka væri háttað á hinum Norðurlöndunum.



Í október stóð Velferðarvaktin fyrir málþingi þar sem ofangreindar kannanir voru kynntar. Einnig voru kynntar aðgerðir um matarbanka og matarvagn, sem tilgreindar eru í fyrstu heildstæðu aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn matarsóun, sem umhverfis- og auðlindaráðherra lagði fram í september. Ofangreindar kannanir og niðurstaða hópastarfs málþingsins geta nýst stjórnvöldum við stefnumótun og þróun aðstoðar við fólk sem stendur höllum fæti.

Áfram var unnið að rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhalds-skólastigi. Þar er lítið til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og námstafir. Áætlað er að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar snemma árs 2021.

Þema funda Velferðarvaktar á árinu voru meðal annars afleiðingar heimsfaraldursins, matarúthlutanir og aðstoð hjálparamtaka, málefni barna, ungmenna, eldri borgara, innflytjenda og flóttafólks.







## Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála

---

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála tók til starfa 1. janúar 2022 þegar lög nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, tóku gildi. Stofnunin tók við verkefnum Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar sem starfaði sem ráðuneytisstofnun frá 7. maí 2018 til 31. desember 2021, fyrst innan velferðarráðuneytisins og síðar félagsmálaráðuneytisins, á grundvelli heimildar í lögum um Stjórnarráð Íslands. Breytingin felur í sér að stofnunin tekur við eftirlitsverkefnum sem áður heyrðu undir Barnaverndarstofu.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála mun fara með eftirlit með gæðum þjónustu sem er veitt á grundvelli barnaverndarlaga, laga um Barna- og fjölskyldustofu, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga um málefni aldraðra, laga um Ráðgjafar- og greiningarstöð, laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þá mun Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veita rekstrarleyfi og þróa gæðaviðmið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar á málaflokkum á verkefnasviði stofnunarinnar.

## Málefni innflytjenda og flóttafólks

---

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti mark sitt á málefni innflytjenda og flóttafólks á árinu líkt og árið 2020. Strax í upphafi faraldursins hér á landi þurfti að grípa til sérstakra aðgerða til þess að ná til viðkvæmra hópa í samfélaginu og tryggja að mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar vegna viðbragða stjórnvalda til þess sporna gegn útbreiðslu faraldursins hér á landi væru aðgengilegar á helstu tungumálum innflytjenda og flóttafólks hér á landi. Vefsíðan Covid.is var tekin í notkun á íslensku, ensku og pólsku en aðrar mikilvægar upplýsingar um sóttvarnir, samkomutakmarkanir og leiðbeiningar um sóttkví og einangrun voru þýddar á fjölda annarra tungumála til þess að mæta þörfum þeirra sem ekki skilja nægilega vel íslensku eða ensku.

Faraldurinn hafði mikil áhrif á innflytjendur og þegar atvinnuleysi jókst kom skýrt í ljós að mörg mál er varða innflytjendur voru flóknari viðureignar og kröfðust aðkomu fjölda aðila við úrlausn. Ráðgjafarstofa innflytjendamála var opnuð þann 10. febrúar en hlutverk hennar er að veita innflytjendum leiðbeiningar og aðgengilegar upplýsingar um þjónustu hjá hinu opinbera. Fjórir ráðgjafar starfa hjá Ráðgjafarstofunni og er veitt þjónusta á átta tungumálum, þ.e. ensku, pólsku, arabísku, spænsku, portúgölsku, litháísku, rússnesku og íslensku. Helstu fyrirspurnirnar sem bærust stofunni sneru að vinnumarkaðnum, heilbrigðiskerfinu, menntun, sjúkratryggingum, löglegri skráningu og félagslegri aðstoð. Með Ráðgjafarstofunni er hægt að veita persónulega ráðgjöf og jafnframt að létta á álagi þjónustustofnana á borð við félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnuálastofnunar og Útlendingastofnunar.

Reynsluverkefni vegna samræmdrar móttöku hófst á árinu og gerði félags- og barnamálaráðherra samninga við fimm sveitarfélög um samræmda móttöku flóttafólks og einstaklinga með

dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Verkefnið felur í sér að móttökusveitarfélög tryggja samfellda og sveigjanlega þjónustu með gerð einstaklingsmiðaðra áætlana. Markmiðið með reynsluverkefninu er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvörðunartöku um áframhaldandi innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks. Þau sveitarfélög sem tóku þátt í verkefninu eru Reykjanesbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjavíkurborg, Árborg og Akureyrarbær. Fjölmenningssetrið var styrkt í hlutverki sínu í verkefninu og samfélagsfræðslan á vegum Vinnuálastofnunar tók til starfa en um er að ræða umfangsmikla samfélagsfræðslu á ensku, íslensku, pólsku, spænsku, arabísku, farsí og kúrdísku.

Helstu verkefni innflytjendaráðs á árinu voru tvíþætt, annars vegar að gera tillögur til ráðherra um áherslur vegna styrkveitinga úr þróunarsjóði innflytjendamála og hins vegar vinna við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021–2024.

Framlög til þróunarsjóðs innflytjendamála voru aukin úr 10 milljónum kr. í 45 milljónir kr. Sjóðurinn var að þessu sinni tvískiptur; 25 milljón kr. styrkur var veittur í verkefni þar sem sérstök áhersla var lögð á verkefni tengd börnum og ungmennum, atvinnu og virkniúrræðum ásamt rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á innflytjendur á Íslandi. Þá var sérstakt viðbótarfjármagn vegna verkefna sem tengjast ungmennum af erlendum uppruna á aldrinum 16–19 ára sem eru hvorki í námi né vinnu. Veittir voru styrkir til 27 verkefna:

- 
- **Yfirlit yfir styrki**
-

Drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var lögð fram í samráðsgáttina. Framkvæmdaáætlunin byggir á fimm stöðum.

1. Samfélagsstoð þar sem dregnar eru fram áherslur sem stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna.
2. Fjölskyldustoð þar sem dregnar eru fram þær aðgerðir sem snúa að málefnum fjölskyldna og barna, félagslegs öryggis og velferðar.
3. Menntastoð þar sem dregnar eru fram þær aðgerðir sem snúa bæði að menntun barna og fullorðinna.
4. Vinnumarkaðsstoð þar sem dregnar eru fram þær aðgerðir sem snúa að innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði.
5. Aðgerðir sem snúa að málefnum flóttafólks þar sem lögð er áhersla á að flóttafólk fái nauðsynlega aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Alls bárust 10 umsagnir. Fyrirhugað er að þingsályktunin verði lögð fram árið 2022.

## Móttaka kvótaflóttafólks

Verulegar tafir hafa verið á móttöku kvótaflóttafólks vegna heimsfaraldursins en á árinu var tekið á móti 65 einstaklingum frá Afganistan og Sírylandi. Umræddar fjölskyldur fóru í samræmda móttöku flóttafólks og eru því ekki lengur gerðir sérstakir samningar vegna móttöku kvótaflóttafólks við sveitarfélög.

Í kjölfar þess að Talíbanar tóku við stjórnartaumunum í Afganistan þá samþykkti ríkisstjórnin að taka sérstaklega á móti einstaklingum frá Afganistan. Áhersla var lögð á fyrrum starfsmenn NATO, konur sem höfðu starfað sem dómarar í Afganistan, einstaklinga sem höfðu verið nemar í Alþjóðlega Jafnréttisskólanum, starfsfólk Sameinuðu þjóðanna og fjölskyldusameiningar.

Hópur	Fjöldi samþykktur	Fjöldi kominn til Íslands	Þáðu ekki boð	Fjöldi sem fékk lausn í öðrum ríkjum
Starfsmenn NATO	20	20	-	-
Kvendómarar	10	5	5	0
Alþjóðlegi jafnréttisskólinn	44	11	0	33
Fjölskyldusameiningar	42	42	-	-
Starfsfólk UNDP	7	-	-	7
<b>Alls</b>	<b>123</b>	<b>78</b>	<b>5</b>	<b>40</b>

Alls komu 78 einstaklingar til landsins með aðstoð íslenskra stjórnvalda og einnig var nýtt aðstoð frá stjórnvöldum í Katar og Svíþjóð og Alþjóðlegu fólksflutningastofnuninni (IOM) við að koma fólkinu til Íslands.



## Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna í Stjórnarráði Íslands, lög nr. 7/2022, flyst þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneytinu til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Undanfarin ár hefur Útlendingastofnun séð um að veita þjónustuna sem meðal annars felst í búsetuúrræðum fyrir umsækjendur og vinnur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið nú að framtíðarfyrirkomulagi þjónustunnar.





## Vinnumarkaður

Frá upphafi heimsfaraldurs kórónuveiru hafa stjórnvöld komið á fót á annan tug úrræða til að mæta afleiðingum faraldursins og ljóst að markmið stjórnvalda hefur verið að styðja heimili og fyrirtæki á sama tíma og veirunni hefur verið haldið í skefjum. Úrræðin hafa þannig miðað að því að verja grunnstoðir samfélagsins, vernda afkomu fólks og fyrirtækja, og tryggja öfluga viðspyrnu fyrir íslenskt efnahagslíf.

### Atvinnuleysi – Hefjum störf.

Í ljósi aukins atvinnuleysis í kjölfar heimsfaraldursins var í marsmánuði 2021 hrunðið af stað sérstöku átaksverkefni *Hefjum störf*. Markmiðið með áttakinu var að til yrðu allt að 7.000 tímabundin störf í samvinnu við atvinnulíf, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Ráðgert var að verja um 4.500–5.000 milljónum kr. til verkefnisins en með ráðningu hvers atvinnuleitanda gat atvinnurekandi óskað eftir styrk í því skyni að koma til móts við launakostnað. Mest gat styrkurinn numið 472 þúsund krónum á mánuði vegna ráðningar hvers atvinnuleitanda.

Í lok árs 2021 var komið í ljós að árangur verkefnisins *Hefjum störf* var með svipuðu móti og árangur af hefðbundnum ráðningarstærkjum, ef litið er til fyrri ára, en hlutfall þeirra sem skrá sig aftur í atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun í kjölfar samnings um ráðningarstyrk hefur sveiflast á bilinu 20–30% undanfarin ár. Þannig skrá um 70–80% þeirra atvinnuleitanda sem taka þátt í úrræði sem tengist ráðningarstyrki sig ekki án atvinnu að nýju hjá Vinnumálastofnun eftir að þátttöku í úrræðinu lýkur. Þrátt fyrir að verkefninu *Hefjum störf* sé lokið verður áfram unnt að gera samninga um hefðbundna ráðningarstyrki í tengslum við ráðningu atvinnuleitanda líkt og mögulegt var áður en verkefninu var komið á fót.

Í kjölfar þess að verkefninu *Hefjum störf* var hrundið af stað fækkaði atvinnuleitendum um tæplega 2.400 einstaklinga á landsvísu milli mánaðanna apríl og maí 2021 og hefur atvinnuleitendum ekki fækkað jafn mikið frá því að Vinnumálastofnun hóf að safna tölulegum upplýsingum í tengslum við skráð atvinnuleysi um síðustu aldamót. Þannig mældist skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun 9,1% í maí 2021 og hafði það þá lækkað úr 10,4% í apríl 2021. Nam lækkunin milli mánaða því 1,3% og hefur skráð atvinnuleysi hjá stofnuninni ekki lækkað jafn mikið milli mánaða síðan milli mánaðanna janúar og febrúar 1994. Þá var skráð atvinnuleysi komið niður í 7,3% í júní 2021 og 4,9% í nóvember og desember 2021.

### Styrkur til fræðslu trúnaðarmanna um heimilisofbeldi og mansal

Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins og Félagsmálaskóli alþýðu hlutu í mars 2021 fjögurra milljóna kr. styrk frá þáverandi félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra til að vinna fræðslumyndbönd í tengslum við baráttuna gegn heimilisofbeldi, mansali og áreitni.

Gert var ráð fyrir að myndböndin yrðu nýtt í fræðslu Félagsmálaskólans til trúnaðarmanna starfsfólks á vinnumarkaði. Annars vegar yrði unnið myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis og þá með áherslu á hlutverk vinnustaða og samstarfsfólks í að skilja og geta brugðist við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar yrði unnið myndband um mansal og yrði það nýtt jöfnum höndum í trúnaðar-

mannafræðslu Félagsmálaskólans sem og til að efla þekkingu eftirlitsfulltrúa samtaka aðila vinnumarkaðarins á vinnustöðum í að greina mögulegt mansal og önnur tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum laga eða kjarasamninga hvað varðar laun og önnur starfs-kjör starfsmanna á vinnumarkaði.

### Sumarstörf fyrir námsmenn.

Í maí 2021 var tekin ákvörðun um átaksverkefni í tengslum við sérstök störf fyrir námsmenn sumarið 2021. Gert var ráð fyrir samtals 2.500 tímabundnum sumarstörfum fyrir námsmenn en störfín voru hluti af þeim 7.000 störfum sem gert var ráð fyrir í verkefninu *Hefjum störf*. Var ráðist í verkefnið í því skyni að tryggja að námsmenn yrðu ekki án atvinnu sumarið 2021 en talið var að námsmenn stæðu frammi fyrir erfiðleikum við að fá vinnu vegna þeirrar stöðu sem var á vinnumarkaði sumarið 2021 vegna heimsfaraldursins.

### Styrkir til atvinnumála kvenna.

Í maí 2021 var úthlutað styrkjum til atvinnumála kvenna og hlutu 44 verkefni styrki, samtals að fjárhæð 40 milljónir kr. Styrkjum til atvinnumála kvenna hefur verið úthlutað frá árinu 1991 og eru þeir ætlaðir frumkvöðlakonum eða fyrirtækjum í þeirra eigu. Skilyrði styrkveitinga eru að verkefnin séu í meirihlutaeigu kvenna, stjórnad af þeim og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun af einhverju tagi. Á [þessari vefsíðu](#) má finna lista yfir þau verkefni sem hlutu styrk á árinu 2021.



## Stjórnarnefnd Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO).

Í júní 2021 hlutu íslensk stjórnvöld kosningu sem varafulltrúi í stjórnarnefnd Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) til næstu þriggja ára, eða fyrir kjörtímabilið 2021–2024. Þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúar íslenskra stjórnvalda taka sæti varafulltrúa í stjórnarnefnd ILO en Ísland hlaut ríflega 88% atkvæða í kosningunni.

## Desemberuppbot til atvinnuleitenda.

Í desember 2021 fengu atvinnuleitendur greidda sérstaka desemberuppbot líkt og undanfarin ár auk þess sem grunnatvinnuleysisbætur voru hækkaðar sem og hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði. Þá var í lok desember 2021 ákveðið að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, og hefur framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára, skuli árið 2022 áfram eiga rétt á 6% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni eigi hann aðeins rétt til grunnatvinnuleysisbóta eða hefur lokið tímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

## Kjaratölfræðinefnd.

Árið 2021 gaf Kjaratölfræðinefnd út tvær skýrslur sem finna má á vefsíðu nefndarinnar ktn.is.

- 
- [Haustskýrsla 2021](#)
  - [Vorskýrsla 2021](#)
- 

## Framhaldsfræðsla

Málaflokkur um framhaldsfræðslu hefur um árabíl fallið undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins en flyst með skiptingu ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, í ársbyrjun 2022, til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Árið 2021 var tekin ákvörðun um að auknu fé, umfram árlegar fjárveitingar, yrði varið til íslenskukennslu fyrir útlendinga skólaárin 2021 og 2022 og nemur fjárhæðin um 132 milljónum kr. Einnig hófst samtal við framkvæmdaraðila um umgjörð og gæði kennslunnar.

Upplýsingar um íslenskukennslu fyrir útlendinga er einnig að finna [hér](#).

Þá var á árinu unnið að endurskoðun á gerð hæfniviðmiða í íslenskunáminu út frá evrópskum tungumálaramma til að auka skýrleika í framboði íslenskunáms fyrir útlendinga þar sem ýmis réttindi geta tengst íslenskukunnáttunni. Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var hafist handa við undirbúning að rafrænu stöðuprófi í íslensku fyrir útlendinga og verður verkefninu framhaldið á árinu 2022.

Árið 2021 var hafið samtal við framhaldsskóla um samræmdar aðferðir til að meta hæfni fullorðinna inn í áframhaldandi nám og mun verkefninu verða framhaldið á árinu 2022.

Vinna hófst árið 2021 við endurmat útgjalda til framhaldsfræðslu í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2022. Markmið verkefnisins er að skýra flæði fjármagns innan framhaldsfræðslu með það fyrir augum að greina umbótatækifæri og tryggja góða nýtingu fjármagns innan málaflokksins.

**Tafla 1.** Framkvæmd Íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2021

Viðurkenndur fræðsluaðili	Fjöldi námskeiða (40 klukkustundir)	Heildarfjöldi þátttakenda
Austurbrú á Egilsstöðum	10	192
Betri árangur ehf.	14	182
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	8	72
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	17	188
Fræðslunet Suðurlands	28	318
Miðstöð sím. Suðurnesjum (skránningar gefnar upp)	36	448
Mímír-símenntun	116	1.641
Múltíkúltí	95	831
Retor	94	1.071
Samband ísl. Kristniboðsfélaga	4	184
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	7	106
Símey	22	244
Tungumálaskólinn	114	2.377
Þekkingarnet Þingeyinga	12	145
Víska	2	21
Landbúnaðarháskóli	1	9
Hafnarfjörður	6	84
Fisktækniskóli	2	35
Saga Akademía ehf. Málaskóli	20	188
Reykjavíkurborg	4	80
<b>Alls</b>	<b>612</b>	<b>8.416</b>

## Norrænt samstarf

Norræna samstarfið litaðist bæði af COVID-19 og nýrri framtíðarsýn í norrænu samstarfi *Framtíðarsýn okkar 2030*, um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030. Allt norrænt samstarf mun taka mið af því markmiði næstu árin.

Hinn árlegi reglubundni fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) var haldinn 25. mars og var um fjarfund að ræða. Þemaumræða ráðherranna á félagsmálasviði var um uppbyggingu velsældarhagkerfa (e. the economy of wellbeing) með áherslu á að velferð fólks og náttúru haldist í hendur við efnahagslega sjálfbæra þróun. Í tengslum við fundinn fór einnig fram pallborðsumræða um rafrænar lausnir í félags- og heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum.

Á árinu voru haldnir tveir ráðherrafundir um vinnumál. Annars vegar óformlegur ráðherrafundur 2. júní, í gegnum fjarfundabúnað, til að kynna fyrir ráðherrum og eiga samræður um lokaniðurstöður hins norræna rannsóknarverkefnis um framtíð vinnunnar (e. The Future of Work in the Nordic Countries). Verkefnið náði til áronna 2017–2021. Hins vegar var haldinn formlegur ráðherrafundur í Helsinki 23. nóvember þar sem ráðherrar áttu þemaumræður um annars vegar netvangsstörf (e. platform work) og hins vegar andlega líðan fólks á vinnumarkaði.

Auk ráðherrafunda voru haldnir fundir og staðið fyrir verkefnum hjá Norrænu embættismannanefndunum um félags- og heilbrigðismál (EK-S) og vinnumarkaðsmál (EK-A), Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks, ráði Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, Norrænu hagskýrslunefndinni (NOSOSKO), undirnefndum EK-A og norrænum tengslanetum.

Þá sinni ráðuneytið einnig norrænu samstarfi um málefni innflytjenda og flóttamanna (samarbejdsprogram om integration af flygtninge og indvandrere) sem fellur undir málefnasvið norrænna samstarfsráðherra (MR-SAM).

Á árinu var unnið að formennskuverkefni Íslands, *Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum*, sem félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra áttu frumkvæði að í ráðherranefndinni árið 2019. Verkefnið beinist að því að skoða hvernig Norðurlöndin vinna að eflingu geðheilsu og vellíðanar á fyrstu æviárum barna og hvaða aðferðum er beitt til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi barna og foreldra þeirra. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu í Vilníus. Talið er að niðurstöður þess muni meðal annars nýtast í Eyrstrasaltsríkjunum sem sum hver eru nú að endurskoða mæðravernd og þjónustu við ung börn á heilbrigðis- og félagsmálasviði. Verkefnið hefur meðal annars skilað skýrslu með tillögum um það sem betur má fara í þjónustunni á Norðurlöndum, en því lýkur með ráðstefnu árið 2022.

Norrænt samstarf á sviði félagsmála tekur þessi árin mið af áherslumálum úr stefnumótandi úttekt sem gefin var út í skýrslunni *Þekking sem nýtist – tillögur um auknið norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Unnið var að tillögum um félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn, ungmenni og fullorðna í viðkvæmri stöðu sem og félagslega þjónustu í strjálbýli. Þá er einnig verið að vinna að tillögum um nánara kerfisbundið samstarf um þekkingu og aðgerðir, sem virka í reynd á félagssviðinu, og að auka samstarf við sjálfbóðaliðasamtök.



Norrænt samstarf á sviði vinnumála mótaðist af niðurstöðum hins norræna rannsóknarverkefnis um framtíð vinnunnar auk þess sem mikil áhersla var á að greina áhrif heimsfaraldurs á norrænan vinnumarkað og viðbrögð stjórnvalda í þeim efnum. Norræna samstarfið sem ráðherrar vinnumála á Norðurlöndunum áttu á árinu hafði mikla þýðingu þegar kom að því að verja störf, bregðast við auknu atvinnuleysi og að styðja fólk sem missti vinnuna í heimsfaraldrinum. Í því samhengi hefur verið talað um viðnámsprótt norræns vinnumarkaðar, sem talinn er með betra móti í alþjóðasamhengi þegar kemur að stórum áskorunum, enda minnkaði atvinnuleysi hratt strax um mitt ár 2021.

Fjöldi ráðstefna og þinga fóru fram á árinu. Má þar nefna Norræna almannatryggingamótið sem fram fór á Íslandi 26.–27. maí og ráðherra ávarpaði. Á mótinu var meðal annars rætt um áhrif og áskoranir COVID-19 faraldursins á vinnumarkað, félagslega vernd, almannatryggingar o.fl.





## Styrkir af safnliðum fjárlaga

Árlega úthlutar ráðherra styrkjum af safnliðum fjárlaga vegna verkefna á sviði félags- og velferðarmála. Í mars veitti félags- og barnamálaráðherra styrki til 28 félagasamtaka og nam heildarfjárhæð styrkja alls tæplega 107 milljónum kr. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á verkefni sem styðja átta viðkvæma hópa við að takast á við margþætt áhrif og afleiðingar heimsfaraldursins. Einnig voru veittir aðrir styrkir til verkefna sem heyra undir málefnavið félags- og barnamálaráðherra, þar á meðal til verkefna í þágu barna og fatlaðs fólks sem og verkefna gegn fátækt, eflingar félagslegrar virkni og gegn ofbeldi. Venja hefur verið að styrkúthlutun fari fram með formlegri athöfn en í ljósi aðstæðna í samfélaginu og samkomutakmarkana var ákveðið að boða ekki til þess konar viðburðar þetta árið.

---

# Útgjöld málefnasviða og málaflokka


---



# Útgjöld málefnasviða og málaflokka

## Rekstargjöld og fjárfestingar

**Mynd 1.** Raunútgjöld og fjárfestingar málefnasviða sem heyra að hluta eða í heild sinni undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.



**Rekstrargjöld og fjárfestingar.** Myndin sýnir skiptingu raunútgjalda málefnasviða sem heyra að hluta eða í heild sinni undir félagsmálaráðuneytið 2021. Heildarfjárhæð raunútgjalda og fjárfestinga eru 289.792,6 milljónir kr. Ábyrgð á málefnasvið 28 Málefni aldraðra og málefnasviði 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi er alfarið hjá félagsmálaráðuneytinu. Á málefnasviði 27 og málefnasviði 29 eru málaflokkar sem tilheyra öðrum ráðuneytum og eru útgjöld þeirra tilgreind hjá viðkomandi ráðuneytum. Á málefnasviðum 10 og 22 eru málaflokkar sem tilheyra félagsmálaráðuneytinu. Málefnasvið 32 tilheyrir þremur ráðuneytum og er málaflokkur 32.4 Stjórnsýsla félagsmála á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins.

Tafla 1. Rekstur málefna sviða og mála flokka.

Málefna svið	Raun	Áætlun	Frávik innan ársins	Frávik innan ársins %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Uppsafnað frávik %
<b>22 Önnur skólastig og stjórnáslá mennta- og menningarmála</b>	<b>1.688,5</b>	<b>1.707,6</b>	<b>19,1</b>	<b>1,1%</b>	<b>-1,9</b>	<b>17,3</b>	<b>1,0%</b>
22.20 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	1.688,5	1.707,6	19,1	1,1%	-1,9	17,3	1,0%
<b>27 Örorða og málefni fatlaðs fólks</b>	<b>76.617,5</b>	<b>79.775,6</b>	<b>3.158,1</b>	<b>4,0%</b>	<b>67,4</b>	<b>3.225,5</b>	<b>4,0%</b>
27.10 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	47.545,2	49.572,5	2.027,3	4,1%	0,0	2.027,3	4,1%
27.20 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	26.670,2	27.898,3	1.228,1	4,4%	0,0	1.228,1	4,4%
27.30 - Málefni fatlaðs fólks	927,2	935,5	8,4	0,9%	67,4	75,8	7,6%
27.40 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	1.474,9	1.369,3	-105,6	-7,7%	0,0	-105,6	-7,7%
<b>28 Málefni aldraðra</b>	<b>92.086,1</b>	<b>93.412,7</b>	<b>1.326,6</b>	<b>1,4%</b>	<b>0,0</b>	<b>1.326,6</b>	<b>1,4%</b>
28.10 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	84.839,1	85.799,6	960,5	1,1%	0,0	960,5	1,1%
28.20 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	6.880,9	7.198,6	317,7	4,4%	0,0	317,7	4,4%
28.30 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	366,0	414,5	48,5	11,7%	0,0	48,5	11,7%
<b>29 Fjölskyldumál</b>	<b>29.428,8</b>	<b>29.121,4</b>	<b>-307,4</b>	<b>-1,1%</b>	<b>658,5</b>	<b>351,1</b>	<b>1,2%</b>
29.20 - Fæðingarorlof	20.392,1	20.080,2	-311,9	-1,6%	0,0	-311,9	-1,6%
29.30 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	415,7	696,0	280,3	40,3%	0,0	280,3	40,3%
29.40 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	6.263,2	6.594,5	331,4	5,0%	67,7	399,0	6,0%
29.50 - Bætur til eftirlifenda	471,1	452,2	-18,9	-4,2%	0,0	-18,9	-4,2%
29.70 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	1.886,8	1.298,4	-588,4	-45,3%	590,9	2,5	0,1%
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b>	<b>86.170,9</b>	<b>90.278,7</b>	<b>4.107,8</b>	<b>4,6%</b>	<b>6,3</b>	<b>4.114,1</b>	<b>4,6%</b>
30.10 - Vinnumál og atvinnuleysi	85.233,9	89.267,4	4.033,5	4,5%	-14,5	4.019,0	4,5%
30.20 - Vinnumarkaður	937,1	1.011,3	74,3	7,3%	20,9	95,2	9,2%
<b>32 Lýðheilsa og stjórnáslá velferðarmála</b>	<b>3.729,1</b>	<b>4.015,3</b>	<b>286,2</b>	<b>7,1%</b>	<b>75,3</b>	<b>361,4</b>	<b>8,8%</b>
32.40 - Stjórnáslá félagsmála	3.729,1	4.015,3	286,2	7,1%	75,3	361,4	8,8%
<b>Samtals</b>	<b>289.720,9</b>	<b>298.311,3</b>	<b>8.590,4</b>	<b>2,9%</b>	<b>805,7</b>	<b>9.396,1</b>	<b>3,1%</b>

Fjárhæðir í milljónum króna



## Málefнасvið 27

Í heild eru útgjöld **málefнасviðs 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks** 76,6 milljarðar kr. en heildarfjárheimildir ársins voru 79,8 milljarðar kr. Afkoman er jákvæð um 3,2 milljarða eða 4%.

Greiðslur vegna **örorku** falla á þrjú málaflokka, **málaflokk 27.1 sem eru bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, málaflokk 27.2 sem eru bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og málaflokk 27.4 sem eru aðrar greiðslur vegna örorku**. Þannig getur einstaklingur með örorku fengið samsettar greiðslur úr 2–3 málaflokkum og telur ráðuneytið því rétt að gera grein fyrir útgjöldum málaflokkanna þriggja saman. Á árinu 2021 varð ekki fjölgun í hópi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, eins og þróunin hafði verið fram að því, og er það helsta ástæða þessa mikla afgang. Ekki er ljóst hvort um varanlega eða tímabundna breytingu er að ræða og þarf lengra tímabil til að meta slíkt. Líkur eru þó á að áhersla síðustu ára á endurhæfingu sé að ná jafnvægi þar sem verulega dró úr fjölgun endurhæfingarlífeyrisþega og fækkun varð í hópi öryrkja. Þá gætu fjölmörg vinnumarkaðsúrræði í tengslum við heimsfaraldurinn COVID-19 hafa haft umtalsverð áhrif á nýgengi örorku.

## Málefнасvið 28

Í heild eru útgjöld **málefнасviðs 28 Málefni aldraðra** 92,1 milljarður kr. en heildarfjárheimildir ársins voru 93,4 milljarðar kr. Afkoman er jákvæð um 1,3 milljarða eða 1,4%.

Á málefнасviðinu eru þrjú málaflokkar vegna greiðslna til ellilífeyrisþega. **Málaflokkur 28.1 eru bætur samkvæmt lögum um almanna-tryggingar, málaflokkur 28.2 eru bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og málaflokkur 28.3 eru aðrar greiðslur ótaldar**. Fjölgun ellilífeyrisþega varð aðeins minni en spár gerðu ráð fyrir auk þess sem aðrar tekjur þeirra voru nokkru hærrí en ráð var fyrir gert.

## Málefнасvið 29

Í heild eru útgjöld málefнасviðsins 29.428 milljónir kr. en heildarfjárheimildir ársins voru 29.121 milljón kr. Afkoma málefнасviðsins er því neikvæð um 307 milljónir eða 1,1%.

**Málaflokkur 29.2 Fæðingarorlof** er um 312 milljónir kr. umfram fjárheimildir ársins 2021 eða sem nemur 1,6%. Helstu ástæður umframkeyrslu málaflokksins eru fjölgun fæðinga og eins að nýbakaðir foreldrar og þá sérstaklega feður nýta réttindi sín betur en áður. Útgjöld vegna fæðingarárs 2019 voru hærrí en gert var ráð fyrir sem stafar af því að herra hlutfall feðra er að taka orlof á síðari hluta orlofstímabilsins heldur en raunin hefur verið fæðingarárin á undan. Þegar útgjöld vegna fæðingarára 2020 og 2021 eru rýnd má sjá merki þess að feður eru að taka fleiri daga í kringum fyrstu 3–6 mánuði af ævi barnsins, en orlofið var lengt um einn mánuð árið 2020 og tvo mánuði 2021. Á hinn bóginn er enn mjög erfitt að spá fyrir um dreifingu orlofstöku feðra en þróunin hefur verið sú að þeir taki meirihluta orlofs á öðru æviári barnsins. Einnig var fæðingarárið 2021 hið stærsta síðan 2010 hvað varðar fjölda fæðinga en 4.875 börn fæddust 2021.

**Málaflokkur 29.3 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**, sem eru mæðra- og feðralaun, er 280 milljónir kr. eða 40,3% lægri en fjárheimild ársins, sem var 696 milljónir kr., gerði ráð fyrir. Skýringin er sú að verulega hefur dregið úr umsóknum um mæðra- og feðralaun og aðgerðir Tryggingastofnunar ríkisins við að vekja athygli foreldra á þessum rétt hefur ekki leitt til betri nýtingar á fjárheimildinni.



**29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.** Útgjöldin eru í heild 331 milljón kr. undir heildarfjárheimildum ársins. Undir málaflokkinn fellur rekstur stofnana og bótaflokkar almannatrygginga og er rekstur þessara fjárlagaliða nokkuð umfram fjárheimildir. Undir málaflokkinn falla einnig greiðslur vegna samninga og útgjöld safnliða. Árið 2021 komu fjárveitingar til verkefna sem tengjast heimsfaraldrinum og mun nokkrum þessara verkefna ekki ljúka fyrr en um mitt ár 2022. Það er því afgangur sem þessu nemur þó að afkoma málaflokksins í heild sé neikvæði árið 2021. Umönnunargreiðslur eru undir fjárheimildum sem nemur 260 milljónum kr. og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna reyndust 40 milljónum kr. undir fjárheimildum, en milli ára er alltaf einhver breytileiki á fjölda einstaklinga sem fá þessar greiðslur.

**Málaflokkur 29.7. Málefni innflytjenda og flóttamanna.** Afkoma liðarins var 588 milljónir kr. umfram fjárheimildir. Ástæða umframkeyrslu málaflokksins eru útgjöld vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga á grundvelli 15. gr. laga, nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslurnar námu 1.392 milljónum kr. árið 2021 og voru það 1.056 milljónir kr. umfram fjárheimild ársins. Sveitarfélög eiga lögbundinn rétt á að fá endurgreiddan kostnað vegna félagslegrar aðstoðar við erlenda ríkisborgara sem hafa verið búsettir hérlendis í skemmri tíma en tvö ár. Hafa þessar endurgreiðslur hækkað á liðnum árum og má gera ráð fyrir að það haldi áfram vegna fjölgunar í þeim hópi sem hefur fengið samþykktar umsóknir um alþjóðlega vernd. Útgjöld vegna móttöku kvótaflóttafólks reyndust lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir þar sem móttakan tafðist mjög vegna áhrifa heimsfaraldursins.

## Málefnasvið 30

**Málaflokkur 30.1 Vinnumál og atvinnuleysi** er rúmlega 4 milljörðum kr. innan fjárheimilda ársins. Gripið var til ráðstafana í fjárlögum 2021 en um 17 milljörðum kr. var bætt við fjárheimildir ársins vegna viðbragða við COVID-19 faraldrinum (t.d. aðgerðir eins og Hefjum störf, sumarstörf námsmanna, styrkur til fyrirtækja með endurráðningu starfsfólks í fyrri starfshlutfall og tímabundin lenging á tímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta). Án viðbótar í fjárlögum hefði málaflokkurinn farið 13 milljarða kr. fram úr fjárheimildum. Fjárheimildir til ýmissa vinnumarkaðsúrræða til að bregðast við COVID-19 faraldrinum nýttust ekki að fullu á árinu.

## Málefnasvið 32

**Málaflokkur 32.4 Stjórnsýsla félagsmála** er um 286 milljónum kr. innan fjárheimilda ársins. Helstu frávik málaflokksins má rekja til reksturs stofnana sem undir málaflokkinn falla sem og rekstur aðal- skrifstofu ráðuneytisins sem er innan fjárheimilda. Á málaflokkinn færðust einnig tímabundnar fjárheimildir í fjárlögum 2021 vegna aðgerða sem ríkisstjórnin greip til vegna heimsfaraldursins. Hluta þeirra verkefna var ekki lokið í árslok 2021 og skýrir það einnig jákvæða afkomu málaflokksins árið 2021.

Tafla 2. Fjárfesting málefna sviða og málaflokka

Málefna svið	Fjarheimild	Heimild frá fyrr ári	Fjárfesting	Staða í árslok
<b>27 Örorða og málefni fatlaðs fólks</b>	<b>0,6</b>	<b>-2,2</b>	<b>-1,1</b>	<b>-2,7</b>
27.30 - Málefni fatlaðs fólks	0,6	-2,2	-1,1	-2,7
<b>29 Fjölskyldumál</b>	<b>212,6</b>	<b>406,4</b>	<b>-21,4</b>	<b>597,6</b>
29.40 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	212,6	401,3	-19,6	594,2
29.70 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	-	5,1	-1,8	3,3
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b>	<b>78,8</b>	<b>-86,9</b>	<b>-18,5</b>	<b>-26,9</b>
30.10 - Vinnumál og atvinnuleysi	3,2	-40,7	-0,4	-37,9
30.20 - Vinnumarkaður	75,6	-46,2	-18,1	11,3
<b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála</b>	<b>63,5</b>	<b>22,5</b>	<b>-30,7</b>	<b>55,3</b>
3240 - Stjórnsýsla félagsmála	63,5	22,5	-30,7	55,3
<b>Samtals</b>	<b>355,5</b>	<b>339,8</b>	<b>-71,7</b>	<b>623,6</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Fjárfesting málaflokka

**29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.** Óhafnar framkvæmdir sem fjárheimildir hafa verið veittar til nema um 597 milljónum kr. Í bígerð er bygging sérhæfðs húsnæðis í Reykjanesbæ fyrir einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun/öryggisgæslu að halda. Í fjárlögum 2021 kom tímabundin fjárheimild vegna sérstaks fjárfestingarátaks ríkisstjórnarinnar sem tengdist heimsfaraldrinum en áður voru ríflega 400 milljónir kr. komnar í verkefnið. Þegar framkvæmdir við húsnæðið hefjast munu fjárfestingarheimildir málaflöksins verða fullnýttar.

**32.4 Stjórnsýsla félagsmála.** Tryggingastofnun ríkisins fékk 300 milljóna kr. fjárveitingu árlega í þrjú ár, 2021–2024, samtals 900 milljónir kr., til endurnýjunar á tölvukerfum stofnunarinnar. Verkefnið er komið vel af stað og undirbúningsfasa lokið en um 130 milljónir kr. eru færðar á milli ára, frá 2021 til 2022, þar sem útboð vegna framkvæmdarinnar tók lengri tíma en ráð var fyrir gert. Ekki er þó gert ráð fyrir seinkun á verklokum vegna þess.





Tafla 3. Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum.

Stofnun/ríkisaðilar	Frávik innan ársins	Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum	Stofnun/ríkisaðilar	Frávik innan ársins	Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum
02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra	0,0	0,0	07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	1.463,8	1.463,8
0-2452 Fræðslu- og símenntunarstöðvar	0,0	0,0	07-826 Bætur til aldraðra	40,7	40,7
02-461 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	19,1	17,3	07-827 Lífeyristryggingar	2.984,0	2.984,0
02-462 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	0,0	0,0	0-7830 Bætur til eftirlifenda	-18,9	-18,9
02-463 Fræðslusjóður	0,0	0,0	07-831 Eftirlaunasjóður aldraðra	7,8	7,8
07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	95,2	135,3	07-980 Vinnumálastofnun	7,9	-14,1
07-151 Úrskurðarnefnd velferðarmála	6,6	30,4	07-981 Vinnumál	103,1	110,7
07-190 Ýmis verkefni	32,7	34,7	07-982 Ábyrgðasjóður launa	238,2	238,2
07-199 Ráðstöfunarfé	0,1	0,1	07-983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	40,7	40,7
07-302 Ríkissáttasemjari	-15,3	3,8	07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	3.755,7	3.755,7
0-7329 Fjölmeningarsetur	-13,0	-13,0	07-986 Starfsendurhæfingarsjóðir	0,0	0,0
07-331 Vinnueftirlit ríkisins	9,7	11,3	07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	21,6	21,6
07-341 Umboðsmaður skuldara	-7,2	1,1	07-988 Starfsendurhæfing	-13,1	-13,1
07-700 Málefni fatlaðra	8,4	75,8	07-989 Fæðingarorlof	-311,9	-311,9
07-755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	-22,3	-9,1	07-998 Varasjóður málaflokka	-66,6	28,5
07-821 Tryggingastofnun ríkisins	121,9	130,7	07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	101,7	644,2

Fjárhæðir í milljónum króna



### Ráðstöfun varasjóða

Varasjóður málaflokks 29.4 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	123,5
Ráðstöfun til öryggisvistunar	98,5
Ráðstöfun vegna breytinga á reglugerð vegna endurgreiðslu sjónglerja fyrir börn	25
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0</b>

Varasjóður málaflokks 30.2 - Vinnumál	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	2,0
Ráðstöfun til Vinnueftirlits ríkisins	2,0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>0</b>

Varasjóður málaflokks 32.4 - Stjórnsýsla félagsmála	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	28,5
Ráðstöfun	0
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>28,2</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

---

# Árangur og ávinningur af ráðstöfnunum fjármuna

---





## Yfirlit yfir stöðu aðgerða málefnasviða í árslok 2021

### Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
Málefnasvið 22			● 3	● 1		4
Málefnasvið 27	● 1	● 9	● 1	● 1	● 1	13
Málefnasvið 28		● 1		● 1	● 1	3
Málefnasvið 29	● 1		● 3	● 3	● 3	10
Málefnasvið 30			● 6	● 2		8
<b>Samtals aðgerðir</b>	<b>2</b>	<b>10</b>	<b>13</b>	<b>8</b>	<b>5</b>	<b>38</b>

● Aðgerð ekki hafin  
 ● Undirbúningur hafinn  
 ● Aðgerð hafin  
 ● Aðgerð komin vel á veg  
 ● Aðgerð lokið

## Málafnasvið 22 Önnur skólastig

### Framhaldsfræðsla Málaflokkur 22

**Markmið 1:** Að efla gæði og framboð á íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi skráninga á íslenskunámskeið viðurkenndra fræðsluaðila.	6.302	7.000	8.416

**Markmið 2:** Að auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall fólks á vinnumarkaði sem hefur lokið námi á framhaldsskólastigi	79%	>80%	79%

#### Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 22

#### Skýring á stöðu aðgerða

Undirbúningur og gagnasöfnun vegna endurskoðunar á umgjörð íslenskukennslu fyrir útlendinga m.t.t. gæða og árangurs.

● Könnun gerð meðal fræðsluaðila á álitamálum, árangri og gæðamati.

Gagnasöfnun og þróun aðferða raunfærni- og hæfnimats í samstarfi við skóla og fræðsluaðila.

● MRN fundaði með fulltrúum framhaldsskóla um tillögur að samræmdara hæfnimati.

Endurmeta, á grundvelli fjárlagagreiningar útgjöld til framhaldsfræðslu m.t.t. skýrari stefnumótunar, ávinnings þjónustunnar, og þróunar helstu stjórnækja. Verkefnið er liður í úttekt á stöðu framhaldsfræðslukerfisins hér á landi.

● Samstarfsverkefni leitt af FJR um aukna skilvirkni í framhaldsfræðslu með því að greina útgjaldakeðjur, árangur og kortleggja hlutverk framkvæmdaraðila.

Hafin verður mótun hæfnistefnu fyrir íslenskan vinnumarkað með gagnasöfnun og samtali við hagsmunaaðila.

● Verkefni hafið sem hluti að aðgerðaáætlun við menntastefnu til 2030.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Málafnasvið 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

### Bætur skv. Lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir Málaflokkur 27.1

**Markmið 1:** Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall lífeyrisþega með of- eða vangreiðslur innan 50.000 kr. viðmiðunarmarká.	61%	62%	71%

**Markmið 2:** Meiri áhersla verði lögð á getu fólks til starfa.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi einstaklinga sem fá fyrsta 75% örorkumat á ári hverju.	Karlar: 511 Konur: 759	Karlar: 480 Konur: 720	Karlar: 547 Konur: 749
Hlutfall einstaklinga með a.m.k. 75% örorkumat af mannfjölda á aldrinum 18–66 ára .	Karlar: 5,8% Konur: 9,8%	Karlar: 5,5% Konur: 9%	Karlar: 5,9% Konur: 9,8%
Heildarfjöldi fólks með a.m.k. 75% örorkumat með atvinnutekjur.	Karlar: 23,5% Konur: 22,7%	Karlar: 27% Konur: 24%	Karlar: 23,1% Konur: 20,8%

---

**Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 27.1**
**Skýring á stöðu aðgerða**

Lagt verði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp sveigjanlegra bótakerfi vegna örorku þar sem bótaflokkar verði sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

Koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

Koma á fót nýju matskerfi almannatrygginga sem byggist á þverfaglegu mati á stöðu einstaklinga í stað læknisfræðilegs mats.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

---

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið



## Bætur skv. Lögum um félagslega aðstoð, örorka Málaflokkur 27.2

### Markmið 1: Aukin áhersla á starfsendurhæfingu.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi einstaklinga sem fær greiddan endurhæfingarlífeyri.	2.444	2.600	3.023
Hlutfall þeirra sem hætta endurhæfingu og fá ekki örorkubætur innan þriggja ára eftir að greiðslum endurhæfingarlífeyris lýkur.	69%	72%	66%

### Markmið 2: Bæta stuðning við verst setta öryrkja.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem ekki hefur áunnið sé full réttindi í almannatryggingum og þarf á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum að halda	90	80	93

### Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 27.2

### Skýring á stöðu aðgerða

Lagt verði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð sem miði að því að tímabil endurhæfingar verði lengt.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

Kortleggja þörf fyrir stuðning við öryrkja með lítil eða engin réttindi hjá almannatryggingum. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir sérstaka löggjöf fyrir þennan hóp metin.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

Koma á fót nýju matskerfi almannatrygginga sem byggist á þverfaglegu mati á stöðu einstaklinga í stað læknisfræðilegs mats.

● Tengt endurskoðun örorkulífeyriskerfisins, samráðsferli tekur nokkur ár.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Málefni fatlaðs fólks Málaflokkur 27.3

**Markmið 1:** Að nýsköpun og tækni styðji fatlað fólk í ríkara mæli til sjálfstæðs lífs.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi sveitarfélaga sem hafa samþykktar nýsköpunaráætlanir.	0 sveitrafélög	10 sveitarfélög	3 sveitarfélög
Fjöldi sveitarfélaga sem hafa haldið námskeið um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.	1 sveitarfélag	11 sveitarfélög	3 sveitarfélög

**Markmið 2:** Að öryggisgæsla og öryggisvistun sé í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og viðurkennd gæðaviðmið.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Viðeigandi þjónstua sé tí staðar fyrir þá sem þurfa öryggisgæsla og öryggisvistun	Undirbúningur	Lagasetning	Drög að frumvarpi í vinnslu

### Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 27.3

### Skýring á stöðu aðgerða

Unnið að aðgerðu G.3, G.7 og F.6 sem skilgreindar eru í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks 2017-2021 og fjalla um landshlutateymi, samráðsvettvang og notendaráð.

Aðgerð G7 felur í sér nokkur verkefni og aðkomu margra hlutaðeigandi aðila. Talið var rétt að þessi aðgerð yrði endurskoðuð við gerð næstu framkvæmdaáætlunar.

Aðgerð G3 er lokið. Aðgerð G7 er ekki komin til framkvæmda. Aðgerð F6 í undirbúningi

Áætlun um innleiðingu þeirra verkþátta sem ekki fullnægja ákvæðum greina samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skv. niðurstöðu starfshóps ráðuneyta.

● Undirbúningur hafin við mótun markmiða og aðgerða á grundvelli greina samningsins.

Gera lagaumverfi gagnvart þeim se þurfa öryggisvistun eða öryggisgæslu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

● Lagafrumvarp nær tilbúið og verður lagt fram á haustþingi 2022.

Byggt verði viðeigandi húsnæði fyrir öryggisvistun og öryggisgæslu.

● Fyrir liggur samþykki um lóð á Suðurnesjum. Forathugun að mestu lokið en nákvæm staðsetning ekki ákveðin. Til viðbótar er nú verið að skoða í samvinnu við Akureyrarbæ nýja staðsetningu á öryggisþjónustu. Ákveðin lóð tilgreind.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Málafnasvið 28 Málefni aldraðra

### Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra Málaflokkur 28.1

**Markmið 1:** Hækka heildartekjur ellilífeyrisþega.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall ellilífeyrisþega sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins af íbúafjölda 67 ára og eldri.	Karlar: 70,1% Konur: 82,4%	Karlar: 67% Konur: 80%	Karlar: 71% Konur: 81,5%

**Markmið 2:** Auka atvinnuþátttöku aldraðra.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall aldraðra sem fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára og fram yfir 70 ára.	67 ára: 49% 70 ára: 21,2%	67 ára: 52% 70 ára: 20%	67 ára: 47,4% 70 ára: 24,2%
Hlutfall ellilífeyrisþega með atvinnutekjur.	Karlar: 11,7% Konur: 5,5%	Karlar: 13% Konur: 7%	Karlar: 12,3% Konur: 6%

**Markmið 3:** Auka stuðning við aldraða sem lifa eingöngu á bótum almannatrygginga og hafa háa greiðslubyrði vegna húsnæðis.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi aldraðra sem fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.	Karlar: 17 Konur: 29	Karlar: 15 Konur: 25	Karlar: 22 Konur: 25



**Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 28.1****Skýring á stöðu aðgerða**

Stuðla að aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og hvetja almenning til að auka séreignarlífeyrissparnað.

● Ákvörðun tekin í ríkisstjórn um hækkun frítekjumarks atvinnutekna.

Hvetja aldraða til að stunda vinnu og kynna betur möguleika á sveigjanlegum starfslokum og efla kynningu á sveigjanleika við starfslok, t.d. með töku hlutalífeyris.

● Í stöðugri endurskoðun.

Greina þann hóp aldraða sem lifir nær eintögnu á bótum almannatrygginga og hefur háa greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir sérstakan stuðning fyrir þann hóp.

● Sarfshópur skilaði skýrslu. Húsnæðismálin hafa verið flutt til innviðaráðuneytis.

● Ekki hafin   ● Undirbúningur hafinn   ● Aðgerð hafin   ● Komin vel á veg   ● Lokið

## Málafnasvið 29 Fjölskyldumál

### Fæðingarorlof Málaflokkur 29.2

**Markmið 1:** Efling fæðingarorlofskerfisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs í mánuðum.	9 mánuðir	12 mánuðir	12 mánuðir

#### Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.2

#### Skýring á stöðu aðgerða

Innleiðing breytinga í samræmi við ný lög um fæðingar- og foreldraorlof sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. janúar 2021.



● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

### Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn Málaflokkur 29.4

**Markmið 1:** Bætt afkoma efnalítilla barnafjölskyldna.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall barna á heimilum með tekjur undir lágtekjumörkum skv. Lífskjararannsókn Hagstofunnar .	10,3% (2018)	10%	Ekki verið mælt
Heimili með börn þar sem erfitt er að ná endum saman skv. Lífskjararannsókn Hagstofunnar.	31.4% (2018)	29%	27,60%

## Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.4

## Skýring á stöðu aðgerða

Unnið er að mótun tillagna um leiðir til að bæta hag barnafjölskyldna í gegnum húsnæðis- og barnabótakerfið.

- Tillögur vegna húsnæðismála mótaðar en náðu ekki í umræðu vegna COVID-19 Viðmiðunar- fjárhæðum barnabóta var breytt í upphafi árs 2022 en þá voru fjárhæðir bótanna hækkaðar um 5,5–5,8%, neðri skerðingamörk um 8,0% og efri skerðingamörk um 12,0%. Til viðbótar við almennar barnabætur hefur verið greiddur sérstakur barnabótaauki síðustu tvö ár, þ.e. árið 2021 og 2020. Fjárhæðir er best að skoða á heimasíðu Skattsins, sjá [hér](#).

Fjármálalæsi ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum landsins verði aukið til að hægt verði að draga úr greiðsluferfðleikum einstaklinga á aldrinum 18–29 ára.

- Ráðist í átaksverkefni, Leitinn að peningunum, með umboðsmanni skuldra þar sem framleidd voru hlaðvörp, útbúið fræðsluefni og gerð heimasíðu.

Endurskoða stuðningskerfi við framfærendur langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

- Frumvarp lagt fram á Alþingi vor 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Málefni innflytjenda og flóttamanna Málaflokkur 29.7

**Markmið 1:** Jafna tækifæri innflytjenda til félagslegrar þátttöku, virkni í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall landsmanna sem þekkja einhverja innflytjendur.	83%	85%	Könnun á högum innflytjenda ekki gerð aftur fyrr en 2023.
Hlutfall landsmanna sem telja innflytjendur vera persónulega vini sína.	47%	49%	Könnun á högum innflytjenda ekki gerð aftur fyrr en 2023.
Hlutfall landsmanna sem telja innflytjendur hafa góð áhrif á íslenskan efnahag.	64%	66%	Könnun á högum innflytjenda ekki gerð aftur fyrr en 2023.

**Markmið 2:** Móttaka flóttafólks verði samræmd og fræðsla flóttafólks aukin.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Samræmd samfélagsfræðsla og íslenskukennsla fyrir flóttafólk eldra en 18 ára.	Undirbúningur	Úrræði innleitt og í umsjón Vinnumálastofnunar.	Innleiðingu lokið og verkefnið er nú viðvarandi.



**Markmið 3:** Taka á móti fleira flóttafólki.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi flóttafólks sem kemur til landsins í samvinnu við flóttamannstofnun Sameinuðu þjóðanna	74	100	67 komu frá Afganistan og Sírlandi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Þá komu 78 manns vegna sértækra aðgerða stjórnvalda í kjölfar valdatöku Talibana í Afganistan. Af þeim einstaklingum þá voru 42 einstaklingar á grundvelli fjölskyldusameiningar og 36 einstaklingar sem var boðið til landsins, um er að ræða einstaklingar sem höfðu starfað fyrir NATÓ, fyrrum nemar Alþjóðlega jafnréttisskólans og einstaklingar sem höfðu starfað sem dómara í Afganistan.

**Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.7**

**Skýring á stöðu aðgerða**

Unnið að bættum aðgangi að upplýsingum fyrir innflytjendur, fyrst eftir komu til landsins og frá sveitarfélögum, sbr. aðgerðir í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.



Gerðar heildstæðar tillögur um aðgerðir til að leiðrétta launamun á milli innflytjenda og innlendra.



Unnið að innleiðingu á samræmdu móttökukerfi fyrir flóttafólk. Unnið að gerð samræmdar samfélagsfræðslu og islenskukennslu fyrir flóttafólk.



Tekið á móti fleira fóltafólki í samvinnu við flóttamannastofnun sameinuðu þjóðanna.



- Ekki hafin
- Undirbúningur hafinn
- Aðgerð hafin
- Komin vel á veg
- Lokið

## Málafnasvið 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

### Vinnumál og atvinnuleysi Málaflokkur 30.1

#### Markmið 1: Draga úr fjarveru á vinnumarkaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Aukin virkni mæld sem fjöldi langtímaatvinnulausa sem afskrá sig hjá Vinnumálastofnun áður en þeir hafa fullnýtt bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins.	840	860	6.678
Árangur úrræða mældur sem hlutfall einstaklinga sem eru skráðir hjá Vinnumálastofnun í atvinnuleit en afskrá sig hjá stofnuninni vegna vinnu/náms/ vinnumarkaðsúrræðis og hafa ekki skráð sig aftur án atvinnu hjá stofnuninni sex mánuðum síðar.	Vinna: 81% Nám: 82% Vinnumarkaðsúrræði: 73%	Vinna: 88% Nám: 82% Vinnumarkaðsúrræði: 74%	Vinna: 89% Nám: 88% Vinnumarkaðsúrræði: 84%
Aukin virkni mæld sem fjöldi erlendra langtímaatvinnulausra sem afskrá sig hjá Vinnumálastofnun áður en hafa fullnýtt bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins.	285	300	2.865

#### Markmið 2: Efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þess á vinnumarkaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Viðmið 2021	Raun 2021
Aukin virkni mæld sem hlutfall einstaklinga með skerta starfsgetu, sem nýtur sértækrar þjónustu hjá Vinnumálastofnun og fær starf eða úrræði sem leiðir til starfs.	70%	72%	74%

## Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokkí 30.1

## Skýring á stöðu aðgerða

Tilraunaverkefni um samstarf við önnur þjónustukerfi um eflingu þjónustu við viðkvæmasta hóp ungra atvinnuleitenda (NEET).

- Sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn í verkefnið frá 1. apríl 2022 til tuttugu mánaða. Hann hefur meðal annars átt fundi með fulltrúum þeirra kerfa sem að verkefninu koma. Hópurinn er að móta verklag og ferla.

Leita eftir samstarfi við atvinnulífið um starfstækifæri fyrir langtímaatvinnuleitendur.

- Eftir átakið Hefjum störf eru atvinnurekendur og atvinnuleitendur meðvitaðari um ráðningar með ráðningastyrk. Leitast er við að miðla langtímaatvinnuleitendum í störf en þeim getur fylgt hærri ráðningarstyrkur en með þeim sem hafa verið styttra í atvinnuleit.

Samstarfsvettvangur félagsmálaráðuneytisins með heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingarstofnunar ríkisins, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Virk starfsendurhæfingu, um samþætta þjónustu með fjölþættan vanda

- Upp úr vinnu samstarfsvettvangsins hefur m.a. sprottið verkefnið [Vegvísir](#).

Komið verði á samstarfi við menntakerfið og endurhæfingaraðila um fjölgun tilboða um virkniúrræði fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu (þátttaka í þróun og framkvæmd yfirfærsluaðgerða úr skóla yfir á vinnumarkað).

- Í gangi er samstarf um þróun náms- og starfsbrauta við Fjölmennt og Hringsjá. Auk þess er samstarf við fleiri endurhæfingaraðila. Gert er ráð fyrir að matsbraut hjá Hringsjá fari af stað í ágúst. Samstarf við Fjölmennt er nú þegar í gangi.

Komið verði á viðvarandi samstarfi Vinnuálastofnunar og menntakerfisins hvað varðar stuðning við atvinnuleit nemenda er stunda nám á starfsbrautum framhaldsskóla og nemenda er stunda starfstengt diplómanám við Háskóla Íslands.

- Unnið er í samræmi við samning félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Vinnuálastofnunar um verkefnið Ráðning með stuðningi en um er að ræða tímabundið úrræði um aukin tækifæri ungs fólks með þroksahömlun og skyladar raskanir. Umræddur samningur tók gildi 1. janúar 2021 og er til tveggja ára.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Vinnumarkaður Málaflokkur 30.2

Unnið er í samræmi við samning félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Vinnumálastofnunar um verkefnið Ráðning með stuðningi en um er að ræða tímabundið úrræði um aukin tækifæri ungs fólks með þroskahömlun og skyladar raskanir. Umræddur samningur tók gildi 1. janúar 2021 og er til tveggja ára.

### Markmið 1: Öruggari og heilsusamlegir vinnustaðir.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Staða 2019	Víðmið 2021	Raun 2021
Aukið vinnuverndarstarf, mælt í fjölda mánaða sem líður frá eftirlitsheimsókn og þar til máli er lokið.	Staða ekki þekkt	Sex mánuðir	Níu mánuðir

### Markmið 2: Styrkja fyrirbyggjandi sáttamiðlum.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Staða 2019	Víðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall samninga þar sem ekki verður rof á samningssambandi milli samninga.	0	0,05%	1%

### Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 30.2

#### Skýring á stöðu aðgerða

Kannanir gerðar á aðstæðum á vinnustöðum og hvernig þær tengjast því að sumt fólk hættir á vinnumarkaði.	●	Verið er að vinna úr niðurstöðum könnunar sem hefur verið framkvæmd.
Þróa eftirlitsaðferðir við að meta sálfélagslega áhættuþætti innan vinnustaða.	●	Um er að ræða stöðuga þróunarvinnu.
Hanna kynningar- og fræðsluefni um heilbriggt sálfélagslegt vinnuumhverfi.	●	Markvisst er unnið að þessum málum og standa vonir til að unnt verði að kynna efni haustið 2022.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



